

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Björt Ólafsdóttir,  
umhverfis- og auðlindaráðherra  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. september 2017  
2017090026/24-1-3-2

### Veiðipól rjúpnastofnsins 2017

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðipól rjúpnastofnsins haustið 2017 og er niðurstöðurnar að finna í meðfylgjandi greinargerð Forsendur matsins byggja á þeirri stefnu stjórnvalda að rjúpnaveiðar skuli vera sjálfbærar í þeim skilningi að stofninn nái að sveiflast á milli lágmarks- og hámarksára innan þeirra marka sem náttúruleg skilyrði setja honum hverju sinni.

Rjúpnastofninn er í uppsveiflu víðast hvar en þetta á þó ekki við um Vestfirði og Austur- og Suðausturland. Viðkoma rjúpunnar í sumar var þökkaleg. Áætlaður rjúpnafjöldi haustið 2017 er í meðallagi miðað við síðustu áratugi en þó ekki á Vestfjörðum og Suðausturlandi, þar er stofninn í lágmarki.

Gögn sýna að stjórnun veiða í kjölfar rjúpnaveiðibanns 2003–2004 hefur í meginatriðum gengið vel. Verulega hefur dregið úr heildarveiði og bein afföll vegna veiða hafa lækkað mikið. Markmið veiðistjórnunar er að lækka svokallaðan  $Z_2$ -dánarstuðul en veiðar eru hluti af honum. Þessi dánarstuðull er sameiginlegur aldurshópum rjúpunnar, fyrsta árs fuglum og eldri fuglum, og það er hækkun á þessum stuðli sem skýrir hnignun rjúpnastofnsins síðustu 30 til 40 ár. Svörunin var skýr friðunarárin tvö og lækkaði stuðullinn þá. Þrátt fyrir hlutfallslega miklu minni veiði frá 2005 samanborið við árin fyrir 2003 hefur  $Z_2$ -dánarstuðullinn verið mjög breytilegur síðan. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að veiðar hafi áhrif á afföll rjúpunnar umfram það sem er skotið (viðbótarafföll). Viðbótarafföll voru samkvæmt skilgreiningu ekki til staðar friðunarárin en vega mismikið árin eftir friðun og engin tengsl eru á milli þeirra og veiðiaffalla. Ef þetta er rétt þá er rjúpnastofninn mjög viðkvæmur fyrir truflunum sem fylgja veiðum. Eins, að þrátt fyrir verulegar takmarkanir á sókn þá er hún enn vel fyrir ofan þau mörk þar sem þessara viðbótaraffalla hættir að gæta

Enginn ágreiningur var um ástand rjúpnastofnsins 2017 og árangur veiðistjórnunar 2005 til 2016 á samráðsfundi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar sem haldinn var 14. september sl.

Til framtíðar litið er mikilvægt að svara þeirri spurningu hvort aukin afföll samfara veiðum séu raunveruleg eða hvort þau tengist á einhvern hátt þeim forsendum sem útreikningarnir





byggjast á. Þetta mætti gera með því að yfirfara gagnasafnið, endurreikna og gaumgæfa forsendur. Jafnframt þarf að endurreikna stofnlíkanið miðað við þau gögn sem bæst hafa við frá 2002, og sundurgreina betur einstaka landshluta við útreikning á stofnstærð Þessi vinna er þegar hafin og fyrstu niðurstöður benda til þess stofnstærð hafi verið ofmetin og veiðiafföll þar með vanmetin líkt og greinir frá hér að ofan. Einnig væri mikilvægt að rannsaka samspil veiða og affalla úti í mörkinni og áhrif veiða á streitu hjá rjúpu.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í rjúpnaveiði á undanförunum árum hefur megin markmið veiðistjórnunar, að draga úr heildarafföllum, ekki náðst. Hins vegar hefur leitnin verið niður á við en breytileikinn mikill í afföllum á milli ára. Staðan er því að nokkru sú sama og árin fyrir friðun þar sem afföll í rjúpnastofninum eru mjög há sum ár. Stofnlíkanið spáir að við svo há afföll hverfi stofnsveiflan og við taki viðvarandi lágmark og hafa aðgerðir undanfarinna ár beinst að því að koma í veg fyrir þá fyrirsjáanlegu þróun

Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar. Niðurstöður vöktunar eru í samræmi við þá óreglu sem verið hefur í stofnbreytingum rjúpunnar frá 2003 sbr. við það ástand sem áður ríkti og t.d. kom verulega á óvart að sjá skýra uppsveiflu í fjölda rjúpna á Norðausturlandi eftir aðeins eins árs fækkunarskeið. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að farsælast sé að hafa það skipulag veiða, sem hefur verið í gildi sl. fjögur ár, óbreytt haustið 2017. Bíða eigi með breytingar á fyrirkomulagi veiðanna á meðan tengsl veiða og náttúrulegra affalla eru greind og stofnlíkanið endurreiknað þar sem einstakir landshlutar eru sundurgreindir við útreikning á stofnstærð.

Með kveðju

  
Guðmundur Guðmundsson  
starfandi forstjóri

  
NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN  
ÍSLANDS

Meðfylgjandi er:

Mat á veiðiþoli rjúpnastofnsins haustið 2017:  
greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands, 19. september 2017

